



Vigdísarholt

Ársreikningur 2024

Vigdísarholt ehf.
Kópavogsbraut 1c
200 Kópavogur

Kt. 580214-1180

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Fylgiskjal:	
Yfirlit um rekstur heimila	13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Vigdísarholt ehf. var stofnað á árinu 2014 og er tilgangur félagsins að annast rekstur hjúkrunarheimila. Félagið yfirtók rekstur Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í byrjun ársins 2014 og á árinu 2019 hófst rekstur félagsins á Seltjörn, 40 manna hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi. Í mars 2021 tók félagið við rekstri hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs á Höfn í Hornafirði samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Félagið er rekið með daggjöldum og öðrum framlögum frá Sjúkratryggingum Íslands.

Á árinu 2024 var afkoma félagsins jákvæð um 134,5 millj. kr. og er tekjuafgangurinn færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins. Eigið fé í árslok nam 765,2 millj. kr.

Heildarlaunakostnaður framkvæmdastjóra og stjórnar nam samtals 35,0 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 33,8 millj. kr.) Að öðru leyti er vísað til skýringa 14 og 15 varðandi launakostnað félagsins og starfsmannafjölda.

Á árinu hófust umfangsmiklar framkvæmdir við endurbyggingu á húsnæði Sunnuhlíðar, Kópavogsbraut 1c. Töluverð röskun var á starfseminni vegna þessara framkvæmda en reynt var eftir fremsta megni að halda eins mörgum rýmum í notkun sem frekast var kostur. Heildarkostnaður við þennan hluta er um 300 millj. kr. Reiknað er með að framkvæmdum ljúki í apríl 2025 og mögulegt verði að hefjast handa við næsta áfanga á árinu 2025.

Stjórnin hefur samþykkt að útbúið sé yfirlit sem sýnir sundurliðun tekna og gjalda Vigdísarholts með tilliti til heimilanna sem félagið rekur, þ.e. Sunnuhlíðar, Seltjarnar og Skjólgarðs. Yfirlitið fylgir ársreikningnum sem fylgiskjal, en telst eftir sem áður hluti af hinum árlega endurskoðaða ársreikningi.

Hlutfé félagsins var allt í eigu ríkissjóðs í árslok 2024 eins og í ársbyrjun.

Stjórn Vigdísarholts ehf. er skipuð tveimur körlum og einni konu. Stjórnin hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogi, 2. apríl 2025

Í stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vigdísarholts ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vigdísarholts ehf. („félagið“) fyrir árið 2024 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega anmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í annars staðar í ársreikningnum.

Kópavogi, 2. apríl 2025

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Daggjöld og önnur framlög Sjúkratrygginga Íslands		2.538.258.239	2.413.032.538
Heilbrigðisstofnun Suðurlands		57.130.859	53.157.960
Sértekjur	12	70.823.649	54.736.685
Selt fæði	13	71.626.268	52.605.758
		2.737.839.015	2.573.532.941
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	14,15	2.035.887.986	1.985.105.874
Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður	16	108.457.219	105.342.348
Stoðsvið	17	303.432.363	284.831.436
Viðhalds- og húsnæðiskostnaður	18	135.606.529	116.754.074
Annar kostnaður	19	49.555.189	27.901.732
Afskriftir	20	8.209.073	4.468.236
		2.641.148.359	2.524.403.700
Afkoma fyrir hreinar fjármunatekjur		96.690.656	49.129.241
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti		39.504.607	40.368.873
Vaxtagjöld		(1.678.793)	(1.309.242)
		37.825.814	39.059.631
Afkoma ársins	21	134.516.470	88.188.872

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

Eignir	Skýr.	2024	2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	20	128.915.846	37.551.514
Fastafjármunir		<u>128.915.846</u>	<u>37.551.514</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	6,11	4.786.874	6.394.279
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	57.408.969	40.154.142
Handbært fé	8	948.733.091	932.966.858
Veltufjármunir samtals		<u>1.010.928.934</u>	<u>979.515.279</u>
Eignir samtals		<u><u>1.139.844.780</u></u>	<u><u>1.017.066.793</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutafé		500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé		764.576.581	630.060.111
Eigið fé samtals	21	<u>765.201.581</u>	<u>630.685.111</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		66.994.349	39.067.711
Sjúkratryggingar Íslands		123.821.483	145.596.890
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	20.743.337
Áunnið orlof		97.879.259	109.791.322
Aðrar skammtímaskuldir		85.948.108	71.182.422
Skammtímaskuldir samtals		<u>374.643.199</u>	<u>386.381.682</u>
Skuldir samtals		<u>374.643.199</u>	<u>386.381.682</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.139.844.780</u></u>	<u><u>1.017.066.793</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Vigdísarholt ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutfélag og er lögheimili þess að Kópavogsbraut 1c í Kópavogi. Starfsemi félagsins felst í rekstri hjúkrunarheimila.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur félagsins eru færðar í þeim mánuði sem þjónustan er afhent eða fjárheimildir veittar.

4. Skráning gjalda

Gjöld eru færð þegar þau falla til. Í árslok eru áfallin gjöld sem tilheyra viðkomandi rekstrarári færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

5. Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Endurbætur á Sunnuhlíð hafa verið eignfærðar.

Áætlaður nýtingatími greinist þannig:

Endurbætur á húsnæði	30 ár
Bífréiðar	3 ár
Áhöld og tæki	3 ár

6. Birgðir

Vörubirgðir samanstanda af matvælum og rekstrarvörum sem metnar eru á kostnaðarverði. Þar sem við á er tekið tillit til gallaðra og úreltra vara.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði í efnahagsreikningi að teknu tilliti til niðurfærslu.

8. Handbært fé

Bankainnstæður félagsins eru óbundnar og teljast til handbærs fjár.

9. Skattar

Félagið greiðir ekki tekjuskatt þar sem það er undanþegið tekjuskatti í samræmi við 4 t.l. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

10. Umfang starfseminnar

Fjöldi rúma og legudaga greinist þannig:

	Sunnuhlíð	Seltjörn	Skjólgarður*	2024 Samtals	2023 Samtals
Hjúkrunarrými	58	40	30	128	128
Fjöldi legudaga	19.657	14.572	9.461	43.690	44.743
Dagdvalarými	30	24	0	54	54

*Þrjú sjúkrarými með talin sem rekin eru samkvæmt samningi við HSU.

Skýringar, frh.:

	2024	2023
11. Vörubirgðir		
Vörubirgðir greinast þannig:		
Matvæli	1.930.579	4.082.153
Rekstrarvörur	2.856.295	2.312.126
	<u>4.786.874</u>	<u>6.394.279</u>
12. Sértekjur		
Sértekjur greinast þannig:		
Dagdvöl	21.392.292	18.421.899
Sjúkraþjálfun	16.886.758	8.977.861
Hárgreiðsla	6.392.042	7.414.019
Viðhald	22.764.040	17.178.760
Aðrar tekjur	3.388.517	2.744.146
	<u>70.823.649</u>	<u>54.736.685</u>
<p>Í upphafi árs 2023 tók Vigdísarholt að sér allt viðhald á fasteigninni Safnatröð 1, samkvæmt sérstökum samningi við Seltjarnarnesbæ.</p>		
13. Selt fæði		
Hjúkrunarheimilið Skjólgarðar á Höfn fær tekjur frá sveitarfélaginu vegna sölu á fæði vegna skólabarna og fatlaðra og námu þær tekjur samtals 40,2 millj.kr. á árinu 2024. Tekjur af seldu fæði í Sunnuhlið eru vegna íbúa í nágrenni heimilisins.		
14. Laun og launatengd gjöld	2024	2023
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Dagvinna	1.218.459.256	1.213.862.903
Yfirvinna	205.615.038	160.246.233
Vaktaálag	244.243.355	247.746.457
Breyting áunnis orlofs	(6.627.447)	(7.127.327)
Lífeyrissjóðsframlag	217.145.830	213.986.173
Tryggingagjald	120.418.414	117.290.042
Önnur launatengd gjöld	36.633.540	39.101.393
	<u>2.035.887.986</u>	<u>1.985.105.874</u>
15. Starfsmannafjöldi og stöðugildi greinast þannig:		
Fjöldi starfsmanna í árslok	268	246
Unnin stöðugildi á árinu	171	173
16. Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður		
Hjúkrunar- og umönnunarkostnaður greinist þannig:		
Læknaþjónusta	48.126.094	45.451.106
Lyf og tengd efni	31.800.708	32.584.439
Lækninga- og hjúkrunarvörur	17.897.747	17.754.808
Annar kostnaður vegna hjúkrunar	7.888.074	6.469.129
Rannsóknarstofur	2.744.596	3.082.866
	<u>108.457.219</u>	<u>105.342.348</u>

Skýringar, frh.:

	2024	2023		
17. Stoðsvið				
Stoðsvið greinast þannig:				
Matvæli	152.109.634	137.803.875		
Annar kostnaður vegna mötuneytis	4.934.990	6.353.354		
Þvottur	24.300.647	23.003.836		
Akstur og bifreiðastyrkur	50.890.256	53.646.301		
Sjúkraflutningar	1.613.129	1.301.971		
Rekstur tölvukerfis	32.344.595	28.218.110		
Þóknun til endurskoðenda	1.857.736	1.716.387		
Önnur aðkeypt þjónusta sérfræðinga	13.965.011	12.460.955		
Skrifstofuvörur	21.416.365	20.326.647		
	303.432.363	284.831.436		
18. Viðhalds- og húsnæðiskostnaður				
Viðhalds- og húsnæðiskostnaður greinist þannig:				
Viðhaldsvörur og aðkeypt vinna	24.741.142	19.576.252		
Ræsting og þrif	61.793.692	56.200.418		
Önnur aðkeypt þjónusta	3.303.934	2.393.398		
Fasteignagjöld	17.338.843	16.629.061		
Rafmagn og hiti	25.959.910	19.808.651		
Tryggingar	2.469.008	2.146.294		
	135.606.529	116.754.074		
19. Annar kostnaður				
Annar kostnaður greinist þannig:				
Ýmis starfsmannakostnaður	38.882.181	13.611.345		
Ferðir, fundir og ráðstefnur	2.360.456	2.110.766		
Annar rekstrarkostnaður	8.312.552	12.179.621		
	49.555.189	27.901.732		
20. Varanlegir rekstrarfjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
	Endurbætur			
	á húsnæði	Bifreiðar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023	0	0	0	0
Viðbót á árinu	45.096.844	9.635.386	4.549.488	59.281.718
Framlög frá Framk.sjóð. aldraða	(17.261.968)	0	0	(17.261.968)
Heildarverð 31.12.2023	27.834.876	9.635.386	4.549.488	42.019.750
Viðbót á árinu	138.722.663		11.875.674	150.598.337
Framlög frá Framk.sjóð. aldraða	(51.024.932)			(51.024.932)
Heildarverð 31.12.2024	115.532.607	9.635.386	16.425.162	141.593.155
Afskrifað samtals 1.1.2023	0	0	0	0
Afskriftir ársins	0	3.035.147	1.433.089	4.468.236
Afskrifað samtals 31.12.2023	0	3.035.147	1.433.089	4.468.236
Afskriftir ársins	0	3.035.147	5.173.926	8.209.073
Afskrifað samtals 31.12.2024	0	6.070.294	6.607.015	12.677.309
Bókfært verð 31.12.2023	27.834.876	6.600.239	3.116.399	37.551.514
Bókfært verð 31.12.2024	115.532.607	3.565.092	9.818.147	128.915.846
Afskriftarhlutföll	0%	35%	35%	

Skýringar, frh.:

21. Eigið fé

Hlutafé félagsins nemur 500 þús. kr. samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	500.000	125.000	541.871.239	542.496.239
Afkoma ársins.....			88.188.872	88.188.872
Eigið fé 1.1.2024.....	500.000	125.000	630.060.111	630.685.111
Afkoma ársins.....			134.516.470	134.516.470
Eigið fé 31.12.2024.....	500.000	125.000	764.576.581	765.201.581

22. Önnur mál

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð er rekið í húsnæði í eigu ríkissjóðs og ekki er greidd húsaleiga en félagið ber hins vegar allan kostnað af húsnæðinu svo sem fasteignagjöld, tryggingar og viðhald. Á móti kemur sérstakt húsnæðisgjald frá Sjúkratryggingum sem fært er meðal tekna.

Hjúkrunarheimilið Seltjörn er rekið í húsnæði í eigu Safnatraðar slhf., en Seltjarnarnesbær seldi félaginu fasteignina í apríl 2024. Kostnaður af húsnæðinu fór eftir sérstöku samkomulagi sem rann út í árslok.

Hjúkrunarheimilið Skjólgarðar á Höfn er rekið í húsnæði sem er 85% í eigu ríkissjóðs og 15% eigu sveitarfélagsins. Ekki er greidd húsaleiga en félagið ber kostnað af fasteigninni. Á móti kemur sérstakt húsnæðisgjald frá Sjúkratryggingum sem fært er meðal tekna.

Vegna framkvæmda við húsnæði Sunnuhlíðar og þar af leiðandi tímabundinnar lokunar hjúkrunarrýma telur Vigdísarholt sig eiga rétt á greiðslu 80% daggjalda vegna vannýtingar frá SÍ sem enn hefur ekki fengist innheimt.

Fylgiskjal með ársreikningi 2024

Yfirlit um rekstur heimila 2024

	Sunnuhlíð	Seltjörn	Skjólgarður	Samtals
Rekstrartekjur:				
Daggjöld hjúkrun	1.006.650.067	749.215.173	453.736.249	2.209.601.489
Daggjöld dagdvöl	87.923.570	93.261.169	0	181.184.739
Húsnæðisgjald	76.680.542	21.088.308	28.754.408	126.523.258
Sjúkraþjálfun	16.886.758	0	0	16.886.758
Aukafjárveitingar	9.773.473	0	0	9.773.473
Önnur framlög úr ríkissjóði	3.284.718	11.099.285	19.555.317	33.939.320
Aðrar tekjur	25.980.492	11.986.961	121.962.525	159.929.978
	<u>1.227.179.620</u>	<u>886.650.896</u>	<u>624.008.499</u>	<u>2.737.839.015</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	912.611.244	673.021.852	450.254.890	2.035.887.986
Lyf.....	16.430.009	8.617.616	6.753.083	31.800.708
Hjúkrunarvörur.....	13.983.236	8.257.753	6.289.428	28.530.417
Rafmagn / hiti.....	7.992.324	8.413.124	9.554.462	25.959.910
Matvæli	55.869.241	37.246.161	58.994.232	152.109.634
Læknisþjónusta	23.751.929	19.526.365	4.847.800	48.126.094
Aðkeypt þjónusta	28.653.901	22.286.368	12.735.067	63.675.336
Annar kostnaður	96.382.720	60.926.043	24.291.498	181.600.261
Hlutfallaður kostnaður	33.056.106	25.710.305	14.691.603	73.458.014
	<u>1.188.730.710</u>	<u>864.005.587</u>	<u>588.412.063</u>	<u>2.641.148.359</u>
Afkoma fyrir hreinar fjármunatekjur	<u>38.448.911</u>	<u>22.645.309</u>	<u>35.596.436</u>	<u>96.690.656</u>

	Sunnuhlíð	Seltjörn	Skjólgarður	Samtals
Hjúkrun				
Rekstrartekjur:				
Dagjöld SÍ vegna hjúkrunar	930.572.086	638.327.792	435.814.081	2.004.713.959
Hlutur heimilisfólks vegna hjúkrunar	76.283.270	110.887.381	17.922.168	205.092.819
Aðrar tekjur	19.130.519	13.490.663	21.329.833	53.951.015
	<u>1.025.985.875</u>	<u>762.705.836</u>	<u>475.066.082</u>	<u>2.263.757.793</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	829.149.957	612.849.968	365.014.100	1.807.014.025
Lyf m/skömmtnun	16.430.009	8.617.616	5.402.466	30.450.091
Hjúkrunarvörur	13.983.236	8.257.753	5.031.542	27.272.531
Matvæli/eldhús	36.315.007	26.072.313	23.597.693	85.985.013
Læknisþjónusta	23.751.929	19.526.365	3.878.240	47.156.534
Aðkeypt þjónusta	21.490.426	17.383.367	8.914.548	47.788.341
Annar kostnaður	33.733.952	30.463.022	12.145.749	76.342.723
Rafmagn/hiti	6.793.475	7.151.155	4.777.231	18.721.861
Hlutfallaður kostnaður	29.750.495	23.139.274	11.753.282	64.643.051
	<u>1.011.398.486</u>	<u>753.460.833</u>	<u>440.514.851</u>	<u>2.205.374.170</u>
	<u>14.587.389</u>	<u>9.245.003</u>	<u>34.551.231</u>	<u>58.383.623</u>

Dagdvöl/sjúkraráymi

Rekstrartekjur:

	Sunnuhlið Dagdvöl	Seltjörn Dagdvöl	Skjólgarður Sjúkraráymi *)	Samtals
Dagjöld SÍ vegna dagdvalar	87.923.570	93.261.169	57.130.859	238.315.598
Hlutur þjónustuþega vegna dagdvalar	11.795.130	9.595.583	0	21.390.713
	99.718.700	102.856.752	57.130.859	259.706.311

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	51.631.339	47.343.538	65.380.182	164.355.059
Matvæli/eldhús	13.967.310	11.173.848	5.899.423	31.040.581
Lyf/hjúkrunarvörur	0	0	2.608.502	2.608.502
Læknisþjónusta	0	0	969.560	969.560
Aðkeypt þjónusta	2.865.390	2.674.364	1.273.507	6.813.261
Annar kostnaður	24.095.680	24.370.417	4.858.300	53.324.397
Rafmagn/hiti	799.232	1.261.969	955.446	3.016.647
Hlutfallaður kostnaður	3.305.611	2.571.030	2.938.321	8.814.962
	96.664.562	89.395.166	84.883.241	270.942.969

3.054.138 13.461.586 (27.752.382) (**11.236.658**)

Húsnæði

Rekstrartekjur:

Húsnæðisgjald frá SÍ / sveitarfélagi	76.592.001	21.088.308	28.754.408	126.434.717
	76.592.001	21.088.308	28.754.408	126.434.717

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	19.327.227	12.828.346	5.473.596	37.629.169
Aðkeypt þjónusta	2.865.390	2.228.637	1.273.507	6.367.534
Annar kostnaður **)	33.733.952	6.092.604	2.429.150	42.255.706
	55.926.569	21.149.587	9.176.253	86.252.409

20.665.432 (61.279) 19.578.155 **40.182.308**

Önnur þjónusta

Rekstrartekjur:

Selt fæði utan heimilis	8.113.034	0	63.057.150	71.170.184
Sjúkraþjálfun göngudeild/smart sjúkraþj.	16.770.010	0	0	16.770.010
	24.883.044	0	63.057.150	87.940.194

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	12.502.721	0	14.387.012	26.889.733
Rafmagn/hiti	399.616	0	3.821.784	4.221.400
Matvæli/eldhús	5.586.924	0	29.497.116	35.084.040
Aðkeypt þjónusta	1.432.695	0	1.273.507	2.706.202
Annar kostnaður	4.819.136	0	4.858.300	9.677.436
	24.741.092	0	53.837.719	78.578.811

141.952 0 9.219.431 **9.361.383**

Afkoma fyrir hreinar fjármunatekjur

38.448.911 22.645.309 35.596.436 **96.690.656**

*) Tekjur frá HSU samkvæmt samningi

**) Fasteignagjöld meðtalin

Undirritunarsíða

Þórhildur Kristinsdóttir

Kristinn Hjörtur Jónasson

Svanlaug Guðnadóttir

Steingrímur Ari Arason

Guðmundur Kristján Sigurðsson